

Dagsetning
26.nóvember 2001

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um mál 191, frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.


Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun hefur áður bent á mikilvægi krókabáta fyrir útgerð og atvinnulíf í fámennum sjávarbyggðum. Á ákveðnum svæðum sjá þeir landvinnslu fyrir stórum hluta hráefnis auk þess að skapa störf við útgerð og tengda starfsemi s.s. beitningu. Byggðastofnun hefur hinsvegar ekki tekið afstöðu til þess með hvaða hætti veiðum þeirra er stjórnað.

Virðingarfyllst



Theodór Bjarnason
forstjóri



Áskell Heiðar Ásgeirsson
ráðgjafi